

Mál nr. 15/2006

M

og

Vátryggingarfélagið V h.f. v réttaraðstoðarliðar fasteignatryggingar.

Ágreiningur um greiðslu úr réttaraðstoðarlið fasteignatryggingar v. tjóns 2003.

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 25.1.2006 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.1050.05.
3. Bréf V h.f.. dags. 10.2.2006 ásamt fylgiskjöllum 1-3

**Málsatvik.**

M gerði kaupsamning um hús þ.12.12.2002 og fékk hana afhenta þ.1.3.2003 og taldi fljótlega eftir það að eignin væri haldin ýmsum göllum og höfðaði M mál fyrir héraðsdómi og krafðist bóta úr hendi seljanda eignarinnar og var seljandinn dæmdur til greiðslu bóta og afsláttar auk málskostnaðar til M. Lögmaður M sendi V kröfu um bætur úr réttaraðstoðartryggingu M fyrir mismun tildæmðs málskostnaðar og málskostnaðarreikningi sínum en V heldur því fram að allt til þess tíma að félagið fékk umrætt bréf lögmanns M þ. 22.11.2005 ekkert vitað af umræddum málarekstri. V hafnar bótaskyldu með vísan til 1. mgr. 7.gr. skilmála réttaraðstoðartryggingarinnar þar sem kveðið er á um að tryggingin þurfi að hafa verið í gildi í amk. 2 samliggjandi ár þegar ágreiningur kemur upp. V heldur því fram að M hafi verið með umrædda tryggingu frá 1.3.2003 og hafi ekki verið áður með fasteignatryggingu hjá V eða öðru vátryggingafélagi. Þá byggir V á því að lögmaður sá sem fór með málið hafi aldrei tilkynnt V um málið eða fyrirhugaðan málarekstur en í inngangsorðum skilmálum tryggingarinnar sé skýrt kveðið á um að lögmaður skuli tilkynna félaginu þegar hann hafi tekið mál að sér áður en frekar er aðhafst í því.

**Álit.**

Með vísan til 2.mgr. 7.gr. vátryggingaskilmála réttaraðstoðartryggingar M hjá V á M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr hendi V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr hendi V.

Reykjavík . 24.2.2006.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.